

Fimmtudaginn 17. apríl 1997.

Nr. 461/1996.

Ákærvaldið

(Sigríður Józefsdóttir saksóknari)

gegn

Kristni Jónssyni

(Árni Vilhjálmsson hrl.) og

Jóhönnu Guðmundsdóttur

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Skjalafals. Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærða Kristins um áfrýjun og einnig af hálfu ákærvalds gegn báðum ákærðu með stefnu 17. desember 1996. Krefst ákærvaldið þess, að ákærðu verði sakfelld fyrir háttsemi, sem getur í 2. tl. II. kafla ákæru, en að öðru leyti verði sakfelling þeirra beggja staðfest og refsing þeirra þyngd. Er jafnframt krafist staðfestingar héraðsdóms um greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar.

Ákærði, Kristinn, krefst aðallega sýknu af kröfu ákærvaldsins um refsingu, en til vara, að héraðsdómur verði staðfestur, að því er varðar ákæru í I. og II. kafla ákærunnar, og að refsing samkvæmt ákæruliðum í III. og IV. kafla hennar verði milduð. Hann krefst þess jafnframt, að refsing verði skilorðsbundin.

Ákærða, Jóhanna, hefur ekki áfrýjað málinu. Hún krefst þess, að dómur héraðsdóms verði staðfestur, að því er hana varðar.

I.

Ákærvaldið reisir kröfu sína samkvæmt II. kafla ákæru á því, að ákærða, Jóhanna, hafi falsað nafn sonar síns, Valdimars Jóhannssonar, sem kaupanda á tilkynningu um eigendaskipti á ökutæki, en ákærði, Kristinn, hafi vottað þessa tilkynningu og komið henni á framfæri við Bifreiðaskoðun Íslands hf. Hafi þetta verið gert án heimildar eða vitundar Valdimars.

Fyrir dómi lýsti ákærða yfir, að hún hefði talið sig hafa heimild til

að rita nafn sonar síns undir umrædda tilkynningu. Við skýrslugjöf fyrir lögreglu hafði hún áður sagst ekki hafa sérstaka skýringu á því, hvers vegna hún ritaði nafn Valdimars á tilkynninguna í stað þess að skrifa fyrir hönd hans, eins og gert hafi verið í önnur skipti, sbr. I. kafla ákæru. Taldi hún, að í tvö eða þrjú skipti hefði hún leitað eftir og fengið samþykki Valdimars fyrir því, að skrá mætti bíl á nafn hans.

Fyrir lögreglu neitaði Valdimar að hafa veitt móður sinni heimild til að rita nafn hans undir umrædda tilkynningu, og hafi það verið gert án sinnar vitundar. Við skýrslugjöf fyrir dómi lýsti hann atvikum svo, að hann hefði gefið móður sinni leyfi til að skrá einn bíl á nafn hans, en hann vildi þó ekki þvertaka fyrir að hafa veitt slíka heimild fyrir fleiri bílum. Taldi hann, að ekki hefði verið ákært vegna þess bíls, sem hann hefði gefið leyfi fyrir.

Eins og málið liggur fyrir, þykir gegn neitun ákærðu ekki nægilega sannað, að hún hafi í heimildarleysi ritað nafn sonar síns á tilkynningu um eigendaskipti á ökutæki umrætt sinn. Verður því ekki fallist á með ákæruvaldinu, að hún hafi falsað skjalið og með því brotið gegn 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að þessu athuguðu verður staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu af þessum lið ákæru.

II.

Með vísan til forsendna héraðsdóms verður staðfest sakfelling beggja ákærðu vegna sakargifta, sem getur í III. og IV. kafla ákæru. Eru brot þeirra réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Ákærðu hafa að óverulegu leyti bætt tjón þeirra, sem fjársvikin beindust að. Að því athuguðu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest niðurstaða hans um refsingu beggja ákærðu, sem þykir þar hæfilega ákveðin, svo og, að refsing ákærðu, Jóhönnu, skuli vera skilorðsbundin. Jafnframt verða staðfest ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og sakarkostnað.

Samkvæmt 1. mgr. 169. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála verður kostnaður af áfrýjun málsins lagður á ríkissjóð, að því er varðar ákærðu, Jóhönnu. Að öðru leyti verður ákærði, Kristinn, dæmdur til að greiða kostnað af áfrýjun málsins, eins og nánar greinir í dómsorði.

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Kristinn Jónsson, greiði saksóknarlaun í ríkissjóð vegna meðferðar málsins fyrir Hæstarétti, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Árna Vilhjálmssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur. Hann greiði enn fremur helming annars kostnaðar af áfrýjun málsins.

Að öðru leyti greiðist kostnaður af áfrýjun málsins úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærðu, Jóhönnu Guðmundsdóttur, 35.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. nóvember 1996.

Ár 1996, þriðjudaginn 19. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 649/1996: Ákæruvaldið gegn Kristni Jónssyni og Jóhönnu Guðmundsdóttur, sem tekið var til dóms 5. s. m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 27. ágúst sl., á hendur ákærðu, Kristni Jónssyni, kt. 250358-4829, Hamraborg 22, Kópavogi, og Jóhönnu Guðmundsdóttur, kt. 050347-4949, Hamraborg 22, Kópavogi, „fyrir eftirgreind hegningarlagabrot:

I.

Gegn ákærðu báðum fyrir að hafa árin 1991 til og með 1993 gefið rangar yfirlýsingar til ökutækjaskrár um eigendaskipti að eftirtöldum bifreiðum:

1) Bifreiðinni GR-270, kaupsamningur dagsettur 3. febrúar 1992, Jóhann Jóhannsson ranglega tilgreindur kaupandi, en ákærði, Kristinn, ritaði undir tilkynninguna f. h. Jóhanns án þess að hafa til þess umboð.

2) Bifreiðinni IO-527, kaupsamningur dagsettur 13. janúar 1993, Jóhann Jóhannsson ranglega tilgreindur kaupandi, en ákærða, Jóhanna, ritaði undir tilkynninguna f. h. Jóhanns án þess að hafa til þess umboð.

3) Bifreiðinni GÖ-724, kaupsamningur dagsettur 10. ágúst 1991, Valdimar Jóhannsson ranglega tilgreindur kaupandi, en ákærði, Kristinn, ritaði undir tilkynninguna f. h. Valdimars án þess að hafa til þess umboð.

4) Sömu bifreið og í síðasta lið, kaupsamningur dagsettur 18. ágúst 1992, Valdimar Jóhannsson ranglega tilgreindur seljandi, en ákærða, Jóhanna, ritaði undir tilkynninguna f. h. Valdimars án þess að hafa til þess umboð.

5) Bifreiðinni FY-484, kaupsamningur dagsettur 17. ágúst 1991, Valdimar Jóhannsson ranglega tilgreindur kaupandi, en ákærða, Jóhanna, ritaði undir tilkynninguna f. h. Valdimars án þess að hafa til þess umboð.

8) Bifreiðinni ET-908, kaupsamningur dagsettur 14. júlí 1991, Valdimar Jóhannsson ranglega tilgreindur kaupandi, en ákærða, Jóhanna, ritaði undir tilkynninguna f. h. Valdimars án þess að hafa til þess umboð.

II.

Gegn ákærðu báðum fyrir skjalafals, framið í Reykjavík árin 1991 og 1992, með því að hafa falsað og notað í lögskiptum tilkynningar til ökutækjaskrár um eigendaskipti eftirtalinna ökutækja, sem þau voru raunverulegir eigendur að, en létu skrá á syni ákærðu, Jóhönnu:

1) Bifreiðarinnar IT-935, kaupsamningur dagsettur 10. nóvember 1991, Valdimar Jóhannsson ranglega tilgreindur kaupandi, og falsaði ákærði, Kristinn, nafnritun hans undir tilkynninguna.

2) Bifreiðarinnar BG-284, kaupsamningur dagsettur 28. maí 1992, Valdimar Jóhannsson ranglega tilgreindur kaupandi, og falsaði ákærða, Jóhanna, nafnritun hans undir tilkynninguna.

III.

Gegn ákærðu báðum fyrir fjársvik með því að hafa árin 1991 til og með 1994 aflað sér eftirtalinna verðmæta með því að fá eigendur þeirra til að afhenda sér þau gegn afhendingu víxla, sem ákærða, Jóhanna, gaf út og ákærði, Kristinn, hafði samþykkt til greiðslu, nema annað sé tekið fram, en á þessum tíma voru ákærðu í miklum fjárhagserfiðleikum og var ljóst eða mátti vera ljóst, að þau myndu aldrei geta greitt víxlana.

1) Vörur í Húsasmiðjunni hf., afhentar gegn víxli, dagsettum 15. október 1991, til greiðslu 2. nóvember 1991, að fjárhæð 154.610 kr.

2) Hestur í eigu Eymundar Jóhannssonar, afhentur gegn víxli, dagsettum 27. maí 1992, til greiðslu 15. júní 1992, að fjárhæð 85.000 kr.

3) Hestur í eigu Eymundar Jóhannssonar, afhentur gegn víxli, dagsettum 6. júní 1992, til greiðslu 2. júlí 1992, að fjárhæð 90.000 kr.

4) Bifreiðin GZ-635, í eigu Írisar Hall og Arnar Ívars Einarssonar, afhent gegn fjórum víxlum, dagsettum 15. október 1992, til greiðslu 20. október, 20. nóvember og 20. desember 1992 og 20. janúar 1993, samtals að fjárhæð 220.000 kr.

5) Tölva í eigu Davíðs Guðjónssonar, afhent gegn víxli, dagsettum 18. apríl 1993, til greiðslu 2. maí 1993, að fjárhæð 60.000 kr.

6) Bifreiðin GN-767, í eigu Agnars Páls Agnarssonar og Guðrúnar Halldóru Valsdóttur, afhent gegn víxli, dagsettum 5. maí 1993, til greiðslu 18. maí 1993, að fjárhæð 125.000 kr., útgefandi Jóhann Stefánsson, en greiðandi

og samþykkjandi ákærði, Kristinn, en víxillinn er ábektur af ákærðu, Jóhönnu.

7) Bifreiðin BD-632, í eigu Jóns Hlíðar Kristjánssonar, afhent gegn víxli, dagsettum 1. október 1993, til greiðslu 2. nóvember 1993, að fjárhæð 60.000 kr., en ákærðu greiddu 10.000 kr. af víxlinum.

8) Bifreiðin GD-278, í eigu Súsönnu Guðbjargar Antonsdóttur, afhent gegn tveimur víxlum, dagsettum 28. nóvember 1993, til greiðslu 2. nóvember (svo) og 2. desember 1993, samtals að fjárhæð 70.000 kr.

9) Fimm hestar í eigu Guðrúnar Jónu Björgvinsdóttur og Hallgríms Karls Hjaltasonar, afhentir gegn tveimur víxlum, öðrum dagsettum 9. febrúar 1994, til greiðslu 2. mars 1994, að fjárhæð 180.000 kr., en hinum dagsettum 17. febrúar 1994, til greiðslu 2. apríl 1994, að fjárhæð 150.000 kr., útgefandi síðari víxilsins Guðrún Jóna Björgvinsdóttir, en greiðandi og samþykkjandi ákærði, Kristinn.

10) Hestur í eigu Þórdísar Sigurðardóttur, afhentur gegn víxli, dagsettum 26. mars 1994, til greiðslu 20. apríl 1994, að fjárhæð 60.000 kr.

IV.

Gegn ákærða, Kristni, fyrir fjársvik með því að hafa í júní 1994 með blekkingum fengið starfsfólk hjá Málningu hf. í Reykjavík til að afhenda sér málningu og málningarvörur fyrir samtals 401.361 kr. gegn því að greiða síðar fyrir vörurnar, en á þessum tíma var ákærði í miklum fjárhagserfiðleikum og var ljóst eða mátti vera ljóst, að hann myndi aldrei geta greitt vörurnar.

Telst háttsemi ákærðu samkvæmt ákærulið I varða við 1. mgr. 146. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, háttsemi í ákærulið II við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, en háttsemi í ákæruliðum III og IV við 248. gr. þeirra laga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar.

Í málinu eru gerðar eftirtaldar bótakröfur:

1. Davíð Guðjónsson, kennitala 050476-4219, gerir kröfu um, að ákærðu greiði upp víxil, að fjárhæð 60.000 kr., að viðbættum hæstu lögleyfðu vanskilavöxtum frá gjalddaga víxilsins 2. maí 1993 til greiðsludags auk útlagðs bankakostnaðar, 600 kr., ásamt vanskilavöxtum á þá upphæð frá 24. ágúst 1993 og til greiðsludags.

2. Garðar Briem hdl. gerir kröfu f. h. Málningar hf. um, að ákærði, Kristinn, greiði 486.053 kr.

3. Íris Hall, kennitala 190761-3479, gerir kröfu um, að ákærðu greiði 328.125 kr. auk dráttarvaxta á þá fjárhæð frá 8. ágúst 1994 og til greiðsludags ásamt 50.000 kr. vegna útlagðs lögfræðikostnaðar.

4. Jón Ármann Guðjónsson hdl. gerir þá kröfu f. h. Ofnasmiðjunnar hf., að ákærði, Kristinn, greiði 370.988 kr. auk áfallandi vaxta og kostnaðar.

5. Súsanna Guðbjörg Antonsdóttir, kennitala 210763-4149, gerir kröfu um, að ákærði, Kristinn, greiði sér 70.000 kr. auk kostnaðar, að fjárhæð 36.463 kr., auk dráttarvaxta frá 16. mars 1994 til greiðsludags.

6. Guðrún Jóna Björgvinsdóttir, kennitala 150163-4559, gerir kröfu um, að ákærði, Kristinn, greiði 360.000 kr. ásamt vöxtum samkvæmt vaxtalög-um nr. 25/1987 frá 17. febrúar 1994 til greiðsludags“.

Málavextir.

Ákærðu eru sambúðarfólk og hafa búið saman meira og minna þann tíma, sem ákæran tekur til. Ákærði, Kristinn, segist hafa verið meira og minna í óreglu á þessum tíma. Hann hefur haft stopular tekjur af málningar- og byggingarvinnu. Þá hefur hann gert upp og selt bíla og verið sölu- maður. Ákærða, Jóhanna, hefur hins vegar haft nokkrar tekjur á þessum tíma og unnið sem sérhæfður aðstoðarmaður á skurðstofu. Samkvæmt skattframtölum hafði hún 360.000 krónur í tekjur árið 1991, 585.000 krónur árið 1992, og árið 1993 hafði hún 1.309.000 krónur í tekjur. Ákærðu voru eignalaus á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Ákærða var úrskurðuð gjald- prota 13. mars 1989, en ákærði 25. maí 1994.

I. kafli ákæru.

Meðal gagna málsins eru sex tilkynningar til ökutækjaskrár um bíla kaup ákærða árin 1991 til 1993. Er viðskiptum þessum lýst í ákæru. Er þar á því byggt, að ákærðu hafi ekki haft umboð til þess að rita nöfn tveggja sona ákærðu, Jóhönnu, Jóhanns og Valdimars Jóhannssona, sem bjuggu hjá ákærðu á þessum árum, en eins og saksókn er hagað hér, hefur það ekki þýðingu fyrir málið. Aftur á móti liggur það fyrir í málinu, að piltarnir áttu engan hlut að þessum viðskiptum, heldur var ákærði, Kristinn, hér að kaupa bíla og selja. Voru tilkynningarnar því rangar að efni til.

Ákærði, Kristinn, hefur viðurkennt að hafa staðið að baki þessum til- kynningum, og hefur hann skrifað undir þær allar, ýmist sem aðili að kaup- um eða vottur. Aftur á móti er ósannað, að meðákærða hafi staðið að til- kynningunum undir 1. og 3. tl., en sannað, að hún hefur staðið að hinum með Kristni, enda hefur hún skrifað undir þær. Það athugast, að síðasta til- vikið hefur hlotið númerið 8 í ákæru, en ætti að hafa nr. 6. Með þessu at- hæfi sínu urðu ákærðu sek við 1. mgr. 146. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing fyrir brot gegn 1. mgr. 146. gr. hgl. getur mest orðið fjögurra mánaða fangelsi. Brot þessi eru eðlisólík athæfi því, sem lýst er í III. og IV. kafla ákæru, og gætu ekki talist vera í brotasamsteypu með þeim. Voru brot

þessi því fyrnd samkvæmt 1. mgr. 81. gr. hegningarlaga, þegar mál þetta var höfðað, og ber að sýkna ákærðu af þessum kafla ákæru.

II. kafli ákæru.

Meðal gagna málsins eru tvær tilkynningar til ökutækjaskrár um bílakaup ákærða árin 1991 og 1992. Fyrir liggur í málinu, að Valdimar Jóhannsson, kt. 080375-530, átti engan hlut að þessum viðskiptum, heldur var ákærði, Kristinn, hér að kaupa bíla og selja. Voru tilkynningarnar því rangar að efni til. Valdimar hefur neitað að hafa ritað undir tilkynningarnar.

Ákærði, Kristinn, hefur neitað því að hafa ritað nafn sitt á fyrri tilkynninguna. Í málinu er rithandarrannsókn Haralds Árnasonar rannsóknarlögreglumanns á tilkynningunum. Kemur þar fram, að lögreglumáðurinn telji, að litlar líkur séu á því, að Valdimar hafi ritað á þær, og eins segir þar, að ekki verði tekin afstaða til þess á grundvelli fyrirbyggjandi gagna, hvort ákærði, Kristinn, hafi skrifað undir fyrri tilkynninguna eða ekki. Verður að telja það ósannað, og eins er ekki alveg óhætt að telja það sannað, að hann hafi vitað, að nafnritun Valdimars væri fölsun í skilningi 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. Ber þannig að sýkna hann af ákæru fyrir skjalfals. Ákærði hefur hins vegar skrifað undir þessa tilkynningu sem vottur. Meðákærða hefur ekki kannast við að hafa skrifað á seðil þennan og man ekki eftir þessu tilviki. Verður að telja ósannað, að hún hafi átt þátt í að útbúa eða nota þetta skjal, og ber því þegar að sýkna hana af þessum ákæru-lið. Ákærði, Kristinn, gerðist hins vegar brotlegur við 1. mgr. 146. gr. almennra hegningarlaga með því að koma þessari tilkynningu á framfæri við ökutækjaskrá. Hefur málið verið reifað að þessu leyti, og þykir því mega fullyrða þetta, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, enda getur það samrýmst verknaðarlýsingunni í þessum kafla ákæru.

Ákærða, Jóhanna, hefur kannast við, að hún muni sennilega hafa ritað nafn Valdimars á síðari tilkynninguna, og er það í samræmi við niðurstöður rithandarrannsóknarinnar. Þá liggur fyrir, að meðákærði skrifaði undir tilkynninguna sem vottur. Ákærða, Jóhanna, var á þessum tíma lögráðamaður Valdimars, sem var ófjárráða. Telja verður því, að hún hafi haft heimild til þess að rita nafn hans undir skjöl samkvæmt 32. gr. lögræðislaga nr. 68/1984. Ber að sýkna ákærðu bæði af ákæru fyrir skjalfals. Ákærðu gerðust hins vegar brotleg við 1. mgr. 146. gr. almennra hegningarlaga með því að útbúa og koma þessari tilkynningu á framfæri við ökutækjaskrá. Hefur málið verið reifað að þessu leyti, og þykir því mega fullyrða þetta, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga um meðferð opinberra mála, enda getur það samrýmst verknaðarlýsingu í þessum kafla ákæru.

Með vísan til þess, sem segir í niðurlagi I. kafla hér að framan, ber vegna fyrningar að sýkna ákærðu af sakargiftum þessa kafla ákæru.

III. kafli ákæru.

1. Fyrir liggur, að ákærði stóð haustið 1991 í skuld við Ívar Hauksson innheimtumann, og varð það úr, að vörur voru teknar út í Húsasmiðjunni í nafni ákærða, og fékk Ívar vörurnar og þannig skuldina greidda. Ákærði, Kristinn, lét fyrirtækið fá til tryggingar skuldinni víxil, sem ákærða hafði gefið út og lýst er í ákæru. Ákærðu hafa ekki greitt víxil þennan.

2.–3. Í maí og júní 1992 keypti ákærði tvö hross í tvennu lagi af Eymundi Jóhannssyni, Árgerði í Skagafirði. Hafði Eymundur auglýst hrossin í dagblaði og ákærði hringt og falað þau. Sendi hann flutningabíla eftir þeim norður og víxla með, sem hann hafði samþykkt til greiðslu, en ákærða gefið út og lýst er í ákæru. Ákærði seldi hrossin skömmu síðar, og rann andvirðið til framfærslu þeirra beggja. Ákærðu hafa ekki greitt víxla þessa.

4. Um haustið 1992 keypti ákærði eftir dagblaðsauglýsingu Citroën-bílinn GZ-635 af hjónunum Írisi Hall og Erni Ívari Einarssyni. Greiddi hann bílinn með fjórum víxlum, sem hann hafði samþykkt til greiðslu, en ákærða gefið út og lýst er í ákæru. Ákærði seldi bílinn skömmu síðar, og rann andvirðið til framfærslu þeirra beggja. Ákærðu hafa ekki greitt víxla þessa.

5. Vorið 1993 keypti ákærði eftir dagblaðsauglýsingu tölvu af Davíð Guðjónssyni. Greiddi hann tölvuna með víxli, sem hann hafði samþykkt til greiðslu, en ákærða gefið út og lýst er í ákæru. Ákærði gaf tölvuna syni meðákærðu, en hann mun svo hafa notað hana í bílaviðskiptum. Ákærðu hafa ekki greitt víxil þennan.

6. Þetta sama vor keypti ákærði Mercury-bílinn GN-767 af þeim Agnari Páli Agnarssyni og Guðrúnu Halldórsdóttur. Greiddi hann bílinn með 20.000 krónum í peningum og víxli, sem hann hafði samþykkt til greiðslu, stjúpaðir ákærða gefið út, en ákærða ábekt og lýst er í ákæru. Ákærði seldi bíl þennan skömmu síðar og fékk annan bíl í staðinn. Ákærðu hafa ekki greitt víxil þennan.

7. Haustið 1993 keypti ákærði Range-Rover-bílinn BD-632 af Jóni Hlíðari Kristjánssyni. Borgaði ákærði með víxli, út gefnum af ákærðu, sem hann hafði samþykkt til greiðslu og lýst er í ákæru. Ákærði seldi bílinn fljótlega. Ákærði greiddi 10.000 krónur upp í víxilskuldina, en að öðru leyti er víxillinn ógreiddur.

8. Þetta sama haust keypti ákærði Range-Rover-bílinn GD-278 af Súsönnu Guðbjörgu Antonsdóttur. Borgaði ákærði með tveimur víxlum, út gefnum af ákærðu, sem hann hafði samþykkt til greiðslu og lýst er í ákæru. Auk þess lét hann annan bíl upp í af gerðinni Fiat Uno. Ákærði seldi bílinn

strax aftur og greiddi húsaleigu þeirra beggja með andvirðinu. Ákærðu hafa ekki greitt víxla þessa.

9. Í febrúar 1994 keypti ákærði fimm hross af hjónunum Guðrúnu Jónu Björgvinsdóttur og Hallgrími Karli Hjaltasyni á Skeggjastöðum í Húnavatnssýslu. Sendi ákærði flutningabíl norður eftir hrossunum og tvo víxla með. Annan víxilinn hafði ákærða gefið út og ákærði samþykkt til greiðslu, en hinn er gefinn út af Guðrúnu Jónu og samþykktur af ákærða. Er víxlum þessum lýst í ákæru. Ákærði seldi hrossin og notaði andvirði þeirra til framfærslu. Ákærðu hafa ekki greitt víxla þessa.

10. Í marsmánuði 1994 keypti ákærði hest af Þórdísi Sigurðardóttur eftir dagblaðsauglýsingu. Greiddi hann hestsverðið með víxli, út gefnum af ákærðu, sem hann hafði samþykkt til greiðslu og lýst er í ákæru. Hest þennan notaði ákærði í hrossakaupum stuttu síðar. Hafa ákærðu ekki greitt víxilinn.

Ákærðu hafa sagt, að þau hafi ætlað sér að greiða skuldbindingarnar hér að framan. Af því, sem rakið hefur verið um viðskipti þessi, og því, sem áður var sagt um hagi þeirra á þeim tíma, sem viðskiptin gerðust, er deginum ljósara, að þau áttu þess engan kost að efna skyldur sínar gagnvart seljendum og greiða víxlana. Hlaut þeim báðum að vera þetta fyllilega ljóst. Með því að standa í þessum viðskiptum gerðist ákærði sekur um fjársvik. Telja verður, að ákærðu hafi verið fullkunnugt, til hvers átti að nota víxlana, sem hún gaf út eða ábætti, og telst hún hafa verið hlutdeildarmaður í broti hans. Hefur ákærði brotið gegn 248. gr. almennra hegningarlaga, en ákærða gegn 248., sbr. 22. gr. sömu laga.

IV. kafli ákæru.

Í júnímánuði 1994 tók ákærði út málningarvörur í reikning hjá fyrirtækinu Málningu hf. Gerðist þetta í allmörg skipti á tímabilinu 9. til 30. júní, og nam úttektin að lokum 401.361 krónu. Ekki þurfti ákærði að setja neina tryggingu fyrir þessari skuld, en fram hefur komið hjá honum, að talað hafi verið um, að hann greiddi hana í júlí. Ákærði hefur sagt, að hann hafi á þessum tíma verið búinn að eignast iðnaðarhúsnæði á Smiðjuvegi 4 í Kópavogi, og hafi hann notað um helming af málningarvörunum til þess að mála húsnæðið, en hinn helminginn hafi hann selt og notað andvirðið til framfærslu sér. Kveðst hann hafa hugsað sér að leigja út þetta húsnæði og láta leigutekjurnar renna til þess að greiða fyrir málningarvörurnar. Það hafi þó brugðist. Ákærði hefur ekki greitt neitt af skuld þessari, en 40 lítrar af málningu munu hafa skilað sér til fyrirtækisins aftur. Vitni hafa ekki verið leidd að því, hvort og þá hvaða blekkingum ákærði hafi beitt til þess að fá vörurnar.

Enda þótt ákærði kunni að hafa gert sér von um að hafa leigutekjur af fyrrnefndu húsnæði, var hagur hans mjög bágur á þeim tíma, sem hann tók út vörurnar, enda stórskuldugur, sbr. það, sem segir í III. kafla hér að fram- an. Ekkert er í ljós leitt um, að ákærði hafi beinlínis beitt fyrir sig blekking- um, og verður að telja það ósannað. Óhætt er hins vegar að fullyrða, að vörurnar hafi hann fengið í trausti þess, að hann greiddi fyrir þær, og að hann hafi sviksamlega hagnýtt sér þetta traust starfsmanna fyrirtækisins. Er orðalag ákæru ekki í vegi fyrir því að sakfella ákærða fyrir fjársvik og brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga.

Bótakröfur.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða Davíð Guðjónssyni, kt. 050476-421, óskipt 60.600 krónur í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með áorðnum breytingum af 60.000 krónum frá 2. maí 1993 og af 60.600 krónum frá 24. ágúst 1993 til greiðsludags.

Ekki verður annað séð en kröfur Írisar Hall og Jóns Ármanns Guðjóns- sonar hdl. f. h. Ofnasmiðjunnar hf. hafi orðið til af sama atviki. Þá er þess að gæta, að víxlarnir, sem um ræðir, fylgja málinu einungis í ljósriti. Ber að vísa kröfunni frá dómi.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða Súsönnu Guðbjörgu Antonsdóttur, kt. 210763-414, óskipt 70.000 krónur í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum frá 16. mars 1994 til greiðsludags. Ekki er heimilt í þessu máli að dæma ákærðu til þess að greiða bætur vegna kostnaðar við að lýsa kröfu í þrotabú ákærða Kristins.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða Guðrúnu Jónu Björgvinsdóttur, kt. 150163-455, óskipt 30.000 krónur í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum frá 17. febrúar 1994 til greiðsludags. Að öðru leyti er bótakröfunni vísað frá dómi, þar sem frumrit víxlanna fylgir ekki málinu.

Loks ber að dæma ákærða, Kristín, til þess að greiða Garðari Briem hdl. fyrir hönd Málningar hf. 401.361 krónu ásamt dráttarvöxtum frá 30. júní 1994 til 4. apríl 1995 og 5.000 krónur í bætur vegna kostnaðar við að halda kröfunni fram.

Refsing, sakarkostnaður.

Ákærði, Kristinn, hefur til þessa hlotið fjóra refsíðoma fyrir hegningar- lagabrot, síðast 1987. Þá hefur honum verið refsað nokkrum sinnum fyrir umferðarlagabrot. Fjársvik þau, sem hann er nú sakfelldur fyrir, nema um einni og hálfri milljón króna. Refsing hans þykir með hliðsjón af sakaferli hans og því, að hann hefur ekki bætt tjón af brotunum, en eins hinu, að nokkuð er liðið frá þeim, vera hæfilega ákveðin fangelsi átta mánuði.

Sakaferill ákærðu, Jóhönnu, hefur ekki þýðingu fyrir mál þetta. Refsing

hennar þykir hæfilega ákveðin fangelsi í fimm mánuði, og er þá höfð hliðsjón af því, sem sagði um meðákærða hér næst á undan, og einnig því, að telja verður, að hún hafi verið undir áhrifavaldi ákærða og látið hann leiða sig út í brotin. Rétt þykir að fresta framkvæmd refsingarinnar og ákveða, að hún falli niður að liðnum þremur árum, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða óskipt 45.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs. Þá ber að dæma ákærða, Kristin, til þess að greiða verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hrl., 45.000 krónur í málsvarnarlaun, en úr ríkissjóði ber að greiða verjanda 25.000 krónur í málsvarnarlaun. Dæma ber ákærðu, Jóhönnu, til þess að greiða verjanda sínum, Hilmar Ingimundarsyni hrl., 45.000 krónur í málsvarnarlaun, en úr ríkissjóði ber að greiða verjanda 25.000 krónur í málsvarnarlaun. Ekki er kunnugt um annan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristinn Jónsson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærða, Jóhanna Guðmundsdóttir, sæti fangelsi í 5 mánuði. Frestað er framkvæmd refsingarinnar, og fellur hún niður að liðnum 3 árum, haldi ákærða almennt skilorð.

Ákærðu greiði óskipt skaðabætur ásamt dráttarvöxtum til greiðsludags, sem hér segir:

Davíð Guðjónssyni, kt. 050476-421, 60.600 krónur, af 60.000 krónum frá 2. maí 1993 og af 60.600 krónum frá 24. ágúst 1993, Súsönnu Guðbjörgu Antonsdóttur, kt. 210763-414, 70.000 krónur frá 16. mars 1994, Guðrúnu Jónu Björgvinsdóttur, kt. 150163-455, 30.000 krónur frá 17. febrúar 1994 til greiðsludags.

Ákærði, Kristinn, greiði Garðari Briem hdl. fyrir hönd Málningar hf. 401.361 krónu frá 30. júní 1994 til 4. apríl 1995 og 5.000 krónur í bætur vegna kostnaðar við að halda kröfunni fram.

Ákærðu greiði óskipt 45.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs. Ákærði, Kristinn, greiði verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hrl., 45.000 krónur í málsvarnarlaun. Ákærða, Jóhanna, greiði verjanda sínum, Hilmar Ingimundarsyni hrl., 45.000 krónur í málsvarnarlaun. Úr ríkissjóði greiðist hvorum verjanda um sig 25.000 krónur í málsvarnarlaun.